



Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Borgarstjórn Reykjavíkur leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, með síðari breytingum og viðaukum. Reykjavíkurborg er með skráð skuldabréf í kauphöll og lýtur því reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga, sem Kauphöll Íslands gefur út.

Framsetning stjórnarháttayfirlýsingar 2020 er með hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins í maí 2015. Reykjavíkurborg vísar þó að hluta frá leiðbeiningunum einkum þar sem efnistöð eiga ekki við um sveitarfélög.

Hlutverk Reykjavíkurborgar

Hlutverk Reykjavíkurborgar er að veita íbúum Reykjavíkur góða þjónustu með sem hagkvæmustum hætti og leggja grunn að auknum lífsgæðum borgarbúa til lengri og skemmri tíma. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld, sem stjórnað er af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál, skipulagsmál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnarsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup.

Í B-hluta Reykjavíkurborgar er veitt þjónusta til fyrirtækja og einstaklinga meðal annars á sviði veitna, hafna, félagslegs húsnæðis, sorpvinnslu, brunavarna og almenningssamganga.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins, sem tengist umhverfis-, félags- og starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.

Lög, reglur og tilmæli

Reykjavíkurborg starfar á grundvelli sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Um skyldur borgarinnar gilda að auki lög og reglugerðir um starfsemi hennar og þjónustu einstaka málaflokka. Yfirlit yfir lögmæt verkefni sveitarfélaga og tilvísanir í viðeigandi lög er að finna á [vef Stjórnarráðsins](#).

Reykjavíkurborg hefur sett sér samþykktir og innri reglur almennt um stjórn borgar og eftir málaflokkum, sem er að finna á [heimasíðu Reykjavíkurborgar](#), www.reykjavik.is. Helstu samþykktir og innri reglur eru eftirfarandi:

- Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar ásamt viðaukum
- Samþykkt menningar-, íþrótt- og tómsundaráðs
- Samþykkt mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs
- Samþykkt skóla- og frístundaráðs

- Samþykkt skipulags- og samgönguráðs
- Samþykkt umhverfis og heilbrigðisráðs
- Samþykkt velferðarráðs
- Samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa
- Reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmendum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar
- Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg
- Siðareglur starfsmanna Reykjavíkurborgar
- Reglur um styrkveitingar Reykjavíkurborgar
- Innkaupareglur Reykjavíkurborgar
- Reglur um gerð fjárhagsáætlunar
- Reglur um fjárstýringu
- Innheimtureglur
- Starfsreglur endurskoðunarnefndar

Reykjavíkurborg sett sér stefnumörkun þvert á starfsemina, sem er að finna á [heimasíðu borgarinnar](#). Helstu stefnur eru:

- Húsnæðisstefna
- Jafnlaunastefna
- Mannauðsstefna
- Mannréttindastefna
- Persónuverndarstefna
- Upplýsingaöryggisstefna
- Þjónustustefna


Þá hefur Reykjavíkurborg sett sér stefnumörkun í einstökum málaflokkum, sem er að finna á [heimasíðu borgarinnar](#). Helstu stefnur eru:

- Stefnur á sviði íþróttá- og tómstundamála
- Stefnur á sviði menningar- og ferðamála
- Stefnur á sviði skóla- og frístundamála
- Stefnur á sviði umhverfis- og skipulagsmála
- Stefnur á sviði velferðarmála

Reykjavíkurborg hefur auk þess sett sér [eigendastefnur](#) vegna B-hluta fyrirtækja, m.a. vegna Félagsbústaða h.f., Hörpu – Tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf., SORPU bs., Strætó bs. og Orkuveitu Reykjavíkur.

Stjórnskipulag Reykjavíkurborgar

Stjórnskipulagi fyrir A-hluta Reykjavíkurborgar var breytt á árinu 2019 og tók gildi nýtt skipurit þann 1. júní 2019. Stofnuð voru þrjú kjarnasvið sem bera ábyrgð á verkefnum á sviði fjármála- og áhættustýringar, mannauðs og starfsþróunar og þjónustu og nýsköpunar og samhæfingu þeirra þvert á fagsvið borgarinnar.



Borgarstjórn

Borgarstjórn starfar skv. II. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, sbr. 9. gr. laganna. Hlutverk og verksvið borgarstjórnar skv. 8. gr. sveitarstjórnarlaga er að fara með stjórn Reykjavíkurborgar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga.

Borgarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna Reykjavíkurborgar og um framkvæmd þeirra verkefna sem sveitarfélagið annast. Hún skal sjá um að fylgt sé ákvæðum laga um sveitarstjórnarmál, reglugerðum og samþykktum Reykjavíkurborgar. Þá getur borgarstjórn ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði Reykjavíkurborg.

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð tuttugu og þremur borgarfulltrúum og jafnmörgum til vara, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna. Borgarstjórn kýs forseta borgarstjórnar og fjóra varaforseta úr hópi borgarfulltrúa til eins árs í senn. Borgarstjórn kýs úr hópi borgarfulltrúa sjö aðalmenn í borgarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Borgarstjórn kýs formann og varaformann borgarráðs úr hópi kjörinna borgarráðsmanna. Upplýsingar um kjörna fulltrúa í borgarstjórn, trúnaðarstörf þeirra á vegum borgarstjórnar og fjárhagslega hagsmuni þeirra er að finna á [heimasíðu Reykjavíkurborgar](#).

Fjöldi fulltrúa í borgarstjórn og nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins ræðst af ákvæðum sveitarstjórnarlaga og í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, sem birt er í Stjórnartíðindum og er aðgengileg þar og á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar má sjá hverjir sitja í einstökum nefndum, ráðum og stjórnnum.

Í 2. tl. 44. gr. sveitastjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem borgarstjórn velur í. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er borgarstjórnina varðar, ræðst samsetningin af röðun á framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Í borgarstjórn sitja nú fulltrúar 8 stjórnsmálaflokka, 14 konur og 9 karlar með ólíkan bakgrunn og menntun.

Árið 2020 voru haldnir 20 fundir í borgarstjórn, þar af einn fundur með Reykjavíkurráði ungmenna.

Borgarráð

Borgarráð fer, ásamt borgarstjóra, með framkvæmdastjórn Reykjavíkurborgar og fjármálastjórn, að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Ráðið hefur umsjón með stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar og fjármálastjórn hennar sérstaklega, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur hana fyrir borgarstjórn. Borgarráð sér um að ársreikningar borgarsjóðs séu samdir reglum samkvæmt og þeir, ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja, lagðir fyrir borgarstjórn til meðferðar og afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Borgarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem ekki varða verulega fjárhag borgarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur innan ráðsins eða við borgarstjóra um ákvörðunina.

Í borgarráði sitja sjö borgarfulltrúar kjörnir af borgarstjórn. Flokkur sem fulltrúa á í borgarstjórn, en ekki í borgarráði, má tilnefna borgarfulltrúa til að sitja fundi borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt. Í borgarráði sitja nú þrjú áheyrnarfulltrúar.

Árið 2020 voru haldnir 42 fundir í borgarráði.

Borgarstjóri

Borgarstjórinn í Reykjavík er æðsti yfirmaður starfsmanna Reykjavíkurborgar. Borgarstjóri er ráðinn af borgarstjórn og getur verið borgarfulltrúi. Sé hann borgarfulltrúi hefur hann einnig skyldur sem slíkur. Borgarstjóri er framkvæmdastjóri Reykjavíkurborgar, opinber fulltrúi Reykjavíkurborgar og pólitískur leiðtogi meirihlutans. Hann er prókúruhafi borgarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna borgarinnar, lántökur og aðrar skuldbindingar svo og vegna ráðstafana sem samþykki borgarstjórnar þarf til. Borgarstjóra er heimilt með samþykki borgarstjórnar að veita öðrum starfsmönnum borgarinnar prókúru. Borgarstjóri fer með eignarhluta Reykjavíkurborgar í B-hluta fyrirtækjum.

Borgarstjóri Reykjavíkur er Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi.

Innra eftirlit, áhættustýring og endurskoðun

Borgarstjórn ber ábyrgð á að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits í starfsemi borgarinnar og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um; að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi, í samræmi við markmið sveitarfélagsins; áreiðanleika og réttmæti fjárhagsupplýsingar sem veittar eru ytri aðilum og að fylgt sé lögum og reglum sem gilda um starfsemina. Við uppbyggingu á innra eftirliti hjá Reykjavíkurborg er tekið mið af ramma COSO, sem er alþjóðlega viðurkenndur rammi um innra eftirlit.

Áhættustýring

Áhættustjórnun er samhæft ferli sem miðar að því að stjórna og stýra rekstri og starfsemi fyrirtækis eða sveitarfélags með tilliti til áhættu. Áhættur í starfsemi Reykjavíkurborgar geta tengst umhverfi, ferlum, innra skipulagi og stjórnarháttum.

Áhættustýring er samofin ábyrgð á daglegum rekstri borgarinnar og reglulegur hluti af starfsemi sviða og stofnana er að hafa eftirlit með helstu áhættuþáttum og tryggja þannig samfellu í rekstri og lágmörkun áhættu.

Með nýju skipuriti sem tók gildi 1. júní 2019 og stofnun nýs fjármála- og áhættustýringarsviðs, hefur verið lögð fram stefnumörkun um innleiðingu á heildstæðri áhættustýringu í starfsemi borgarinnar. Í því felst að megináhættur verði auðkenndar og metnar með samræmdum hætti í öllum meginferlum borgarinnar og öðrum þáttum sem taldir eru mikilvægir til þess að ná fram markmiðum á sviði rekstrar og þjónustu. Ný skrifstofa áhættustýringar á fjármála- og áhættustýringarsviði hefur verið eflað og hafinn er undirbúningur að mótun áhættustefnu og innleiðingu heildstæðrar áhættustýringar.

Um fjárhagslega áhættustýringu er vísað til ákvæða í VII. kafla sveitarstjórnarlaga, s.s. um fjárstjórnarvald, bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, ábyrga meðferð fjármuna, miklar fjárfestingar og skuldbindingar og takmarkanir er varða veðsetningar og ábyrgðaveitingar. Reykjavíkurborg fer að ákvæðum sveitarstjórnarlaga hvað þetta varðar.

Fjármála- og áhættustýringarsvið lagði árið 2019 fram áhættuskýrslur í borgarráði með árshlutauppgjörum með mati á þróun helstu hagstærða og forsendum fjárhagsáætlunar. Þá leggur sviðið mat á helstu áhættur í rekstri og kynnir í greinargerð með fjárhagsáætlun, auk þess sem ítarlegar sviðsmyndagreiningar eru unnar eftir því sem með þarf við mat á þróun helstu stærða í hagkerfinu og áhrif þeirra á rekstur borgarinnar.

Til að tryggja að reikningsskil sveitarfélagsins séu í samræmi við sveitarstjórnarlög og settar reikningsskilareglur, hefur sveitarfélagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, reglulega skýrslugjöf og skýrar verklagsreglur og verkferla sem er haldið utanum í sérstakri rekstrarhandbók sem er aðgengileg starfsmönnum borgarinnar.

Mánaðarleg skýrslugjöf, ásamt rýningu á rekstri sviða og stofnana, er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og fylgni við samþykka fjárhagsáætlun. Fjármála- og áhættustýringarsvið vinnur ítarleg mánaðar- og ársfjórðungsleg uppgjör og leggur fyrir borgarráð.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfar á vegum borgarstjórnar skv. IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga og starfar á grundvelli samþykka fyrir stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 og eftir því sem lög mæla fyrir um. Endurskoðunarnefnd er skipuð fjórum fulltrúum, þremur skipuðum af borgarstjórn Reykjavíkurborgar og einum skipuðum samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Nefndina skipa: Lárus Finnbogason, löggiltur endurskoðandi, formaður, Sigrún Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi, Sunna Jóhannsdóttir, viðskiptafræðingur og Einar S. Hálfðánarson, hrl. og löggiltum endurskoðanda. Á heimasíðu borgarinnar má sjá samþykkt sem borgarstjórn hefur sett fyrir [endurskoðunarnefnd](#).

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun fer með fjármála- og stjórnsýslueftirlit hjá Reykjavíkurborg í umboði borgarráðs. Í því felst að með störfum sínum leggur innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna hjá stofnunum og félögum í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar. Starfsreglur innri endurskoðunar, sem borgarráð hefur samþykkt, eru aðgengilegar á [heimasíðu borgarinnar](#). Þann 27. febrúar 2020 samþykkti borgarráð að sameina starfsemi innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar, starfsemi umboðsmanns borgarbúa og starf persónuverndarfulltrúa, með það að markmiði að einfalda og um leið styrkja starfsemi og skipulag þeirra aðila sem sinna eftirliti með starfsemi og stjórnsýslu Reykjavíkur. Sameiningin tók gildi frá og með 1. júní 2020 og er sameinuð starfsemi undir stjórn innri endurskoðanda. Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar er Hallur Símonarson.

Samfélagsábyrgð og siðareglur

Um siðareglur og góða starfshætti er fjallað í 29. gr. sveitarstjórnarlaga. [Siðareglur kjörinna fulltrúa](#) voru samþykktar 18. júní 2019 og eru aðgengilegar á heimasíðu Reykjavíkurborgar. [Siðareglur starfsmanna](#) voru samþykktar 22. október 2009.

Um samfélagslega ábyrgð er fjallað í stefnumörkun Reykjavíkurborgar, meðal annars í umhverfis- og auðlindastefnu og loftslagsstefnu. Áhersla er lögð á að lífsgæði núlifandi og næstu kynslóða borgarbúa verði tryggt með því að meta auðinn sem felst í þjónustu náttúrunnar og hreinu umhverfi. Reykjavíkurborg leggur

áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda og verður stefnunni framfylgt í eftirfarandi níu málaflokkum: Auðlindir, samgöngur, skipulag, gæði umhverfis, loftslagsmál, menntun til sjálfbærni, náttúra og útivist, neysla og úrgangur og rekstur Reykjavíkurborgar.

Á árinu 2018 var samþykktur grænn rammi Reykjavíkurborgar, sem er settur fram í samræmi við alþjóðleg viðmið ICMA, Alþjóðasamtök aðila á verðbréfamarkaði, svonefnd Green Bond Principle, með skírskotun í sjálfbærni viðmið Sameinuðu þjóðanna. Græni ramminn byggir á fjórum stöðum; (i) skilgreiningu grænna verkefnaflokka, (ii) valferli grænna verkefna, (iii) meðferð fjármuna og (iv) skýrslugjöf til fjárfesta. Samkvæmt mati CICERO (Center for International Climate Research) sem veitir óháð álit á rammanum, fær grænn rammi Reykjavíkurborgar hæstu einkunn, „dökk grænn“ (dark green), og allir undirflokkar og verkefni fá einnig einkunnina „dökk grænn“ (dark green). Litið er sérstaklega til stjórnsýslulegs fyrirkomulags, sem fær einnig hæstu einkunn „framúrskarandi“ (excellent).

Árið 2019 var jafnframt samþykktur grænn rammi fyrir Orkuveitu Reykjavíkur og fyrstu grænu skuldabréfin gefin út í júní 2019. CICERO hefur veitt óháð álit á rammanum og gefur honum hæstu einkunnir; „dökk grænn“ (dark green) fyrir jákvæð umhverfisáhrif verkefnanna og einkunnina „framúrskarandi“ (excellent) fyrir umgjörð skuldabréfanna hjá fyrirtækinu.

Félagbústaðir hafa gefið út ramma um félagsleg skuldabréf í samræmi við alþjóðleg viðmið ICMA, svonefnd Social Bond Principle. Ramminn hefur hlotið vottun frá Sustainalytics, óháðum vottunaraðila. Í vottuninni segir m.a. að rammi Félagbústaða sé traustur, trúverðugur og áhrifamikill, og að hann samræmist öllum fjórum meginþáttum alþjóðalegra viðmiða um félagsleg skuldabréf. Fyrstu félagslegu skuldabréfin voru gefin út í nóvember 2019.

Reykjavíkurborg er aðili að Festu, félags um samfélagslega ábyrgð.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld, sem stjórnað er af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál, skipulagsmál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup.

Upplýsingar um dómsmál sem beinast að Reykjavíkurborg er að finna í skýringum með ársreikningi Reykjavíkurborgar.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins, sem tengist umhverfis-, félags- og starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.

Lagt fram á fundi borgarráðs 29. apríl 2021.